

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

Ríflúxín 680 mg/80 mg tuggutöflur

Kalsíumkarbónat/magnesíumkarbónat

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 7 daga.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Ríflúxín og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Ríflúxín
3. Hvernig nota á Ríflúxín
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Ríflúxín
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Ríflúxín og við hverju það er notað

Ríflúxín er sýrubindandi tafla með myntubragði sem hlutleysir magasýru í líkamanum.

Ríflúxín er notað til meðferðar á brjóstsviða og tengdum einkennum, t.d. magaþægindum og sýrubakflæði.

Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 7 daga.

2. Áður en byrjað er að nota Ríflúxín

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Ríflúxín

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir kalsíumkarbónati, magnesíumkarbónati eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef þú hefur mikið magn af kalsíum eða lítið magn fosfats í blóði.
- ef þú hefur mikið magn af kalsíum í þvagi eða nýrnasteina.
- ef þú ert með alvarlegan nýrnasjúkdóm.

Ef þú ert ekki viss hvort ofangreint á við um þig, hafðu samband við lækinn eða lyfjafræðing.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi áður en Ríflúxín er notað:

- ef þú ert með væg til miðlungsmikil nýrnavandamál þar sem framkvæma þarf reglulegar blóðrannsóknir.

Ekki taka meira en ráðlagðan skammt og ekki taka lyfið lengur en í 7 daga án samráðs við lækni. Eins og á við um önnur sýrubindandi lyf getur notkun þessara taflna dulið einkenni annarra alvarlegri, undirliggjandi sjúkdóma, því skal forðast langtímanotkun lyfsins.

Börn og unglingar

Ekki er ráðlagt að gefa börnum yngri en 12 ára lyfið.

Notkun annarra lyfja samhliða Ríflúxín

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Ef þú tekur einhver af eftirfarandi lyfjum skaltu ráðfæra þig við lækinn þinn eða lyfjafræðing áður en þú tekur Ríflúxín þar sem það getur haft áhrif á virkni þessara lyfja:

- Tetracyklín og kínólónar (sýklalyf)
- Levótýroxín (skjaldkirtilhormón)
- Eltrombopag (notað til að auka fjölda blóðflagna)
- Digoxin (notað við sumum hjartasjúkdómum)
- Tíazíð þvagræsilyf (vatnslosandi töflur notaðar til að meðhöndla vökvasöfnun og háan blóðþrýsting)
- Flúoríð (til að koma í veg fyrir tannskemmdir)
- Fosföt (til losunar/hreinsunar þarma fyrir skurðaðgerð)
- Járnöflur

Til að hámarka ávinning af öllum lyfjum sem notuð eru, skaltu taka Ríflúxín a.m.k. 4 klukkustundum fyrir eða eftir töku eltrombopags (notað til að auka framleiðslu blóðflagna (frumur sem valda storknun blóðs) í líkamanum) og 1 til 2 klukkustundum eftir inntöku annarra lyfja.

Notkun Ríflúxín með mat eða drykk

Forðastu að taka þetta lyf með miklu magni af mjólk eða mjólkurvörum.

Meðganga og brjóstgjöf og frjósemi

Þessar töflur má taka á meðgöngu og meðan á brjóstgjöf stendur ef þær eru teknar samkvæmt leiðbeiningum.

Akstur og notkun véla

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

3. Hvernig nota á Ríflúxín

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækni eða lyfjafræðingi.

Ráðlagður skammtur er:

Fullorðnir og unglíngar (eldri en 12 ára): 1-2 töflur sem skal sjúga eða tyggja, í tilfelli brjóstsviða og tengdra einkenna (talin upp í kafla 1), helst 1 klukkustund eftir máltíð og fyrir svefn.

Ekki taka fleiri en 11 töflur á sólarhring.

Þú verður að leita til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 7 daga. Forðastu langtímanotkun lyfsins.

Notkun handa börnum og unglíngum

Ekki er ráðlagt að gefa börnum yngri en 12 ára lyfið.

Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Drekktu nóg af vatni og ráðfærðu þig við lækinn þinn eða lyfjafræðing. Einkenni ofskömmtunar eru ógleði og uppköst, hægðatregða og vöðvaslappleiki.

Leitaðu til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum. Aukaverkanir eru ólíklegar við ráðlagðan skammt. Ef þú finnur fyrir eftirfarandi aukaverkunum skaltu hætta meðferð og leita tafarlaust læknishjálpar.

Mjög sjaldan hefur verið greint frá ofnæmisviðbrögðum við innihaldsefnum lyfsins, t.d. útbrotum, kláða, öndunarerfiðleikum og bólgu í andliti, munni eða hálsi og ofnæmislosti (ofnæmislost eru skyndileg, alvarleg ofnæmisviðbrögð, einkenni þeirra eru lágur blóðþrýstingur, lost, hjartsláttarónot, öndunarerfiðleikar, berkjukrampi, húðviðbrögð, kviðverkir eða krampar, uppköst og niðurgangur).

Langtímanotkun stærri skammta getur valdið hækkun á magni kalsíums og magnesíums í blóði sértaklega hjá fólki með nýrnasjúkdóma. Einkenni geta verið ógleði, uppköst, magaónot, niðurgangur, þreyta, vöðvaslappleiki, höfuðverkur, nýrnavandamál og skert bragðskyn. Í undantekningartilfellum getur langtímanotkun stærri skammta leitt til mjólkurlýtingsheilkennis (milk-alkali syndrome), sem getur valdið hækkun á magni kalsíums í blóði.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Ríflúxín

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og þynnunni á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn raka. Ekki þarf að geyma lyfið við sérstök hitaskilyrði.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Ríflúxín inniheldur

- Virku innihaldsefnin eru kalsíumkarbónat og magnesíumkarbónat
Hver tuggutafla inniheldur 680 mg af kalsíumkarbónati og 80 mg af magnesíumkarbónati.

- Önnur innihaldsefni eru vatnsfrí kísilkvoða, forhleypt sterkja, kópóvidón, xýlitól (E967), umbreyttur (low-substituted) hýdroxýprópýlsellulósi, Spearmint SD bragðefni (bragðefnablöndur, náttúruleg bragðefni – púlegon, mentófurán, maltódestrín, arabískt gúmmí (E414)), Menthol L úðapurrkað bragðefni (bragðefni, arabískt gúmmí (E414)), talkúm og magnesíumsterat.

Lýsing á útliti Ríflúxín og pakkningastærðir

Ríflúxín tuggutöflur eru ferningslaga, hvítar til nánast hvítar, tvíhvolfar töflur með rúnnum hornum. Mál taflnanna eru: lengd 15 mm, breidd 15 mm og þykkt 3,9-4,3 mm.

Töflunum er pakkað í PVC/PVDC/álþynnur sem töflunum er þrýst úr. Hver þynna inniheldur 8 töflur. Askjan inniheldur 16, 24, 48 eða 96 tuggutöflur og fylgiseðil.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi:

Alvogen ehf.

Smáratorgi 3

201 Kópavogur

Ísland

Framleiðandi:

Alkaloid - INT d.o.o.

Šlandrova ulica 4

1231 Ljubljana-Črnuče

Slóvenía

Þetta lyf hefur markaðsleyfi í löndum Evrópska efnahagssvæðisins undir eftirfarandi heitum:

Krótía - GATTART 680 mg/80 mg tablete za žvakanje

Búlgaría - GATTART 680 mg/80 mg chewable tablets/

ГАТТАРТ 680 mg/80 mg таблетки за дъвчене

Tékkland - Gattart

Pólland - Zgaginstop Antacidum.

Rúmenía - Gattart 680 mg/80 mg comprimate masticabile

Slóvenía - GATTART 680 mg/80 mg žvečljive tablete

Slóvakía- GATTART 680 mg/80 mg

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í apríl 2025.